



Bæjarskrifstofur Garðabæjar

b/t Bæjarráðs Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Garðabæ, 20.4.2017

Þann 7. júní 2016 samþykkti bæjarráð með fjórum atkvæðum (ÁHJ,SHJ,JS,GGJ) að leggja til við bæjarstjórn að gengið yrði til samninga við óstofnað hlutafélag Arnarvogs ehf. um úthlutun lóðar fyrir veitingastað við Arnarnesvog. Fyrirvari var um að við undirskrift samnings hafi félagið formlega verið stofnað og stofnefnahagsreikningur lagður fram staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Áætlanir Arnarvogs gerðu ráð fyrir að hefja rekstur um 18 mánuðum frá úthlutun lóðar eða í árslok 2017.

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu þessa máls sem og afriti af viðkomandi samningi bæjarins við Arnarvog ehf. ásamt fylgiskjölum.

f.h. FÓLKINS- í bænum

María Grétarsdóttir